

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 193. FUNDUR.

193. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 12. janúar árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti lagði fram tillögu um að bæta á dagskrá sem 6. lið Skipan starfshóps í kjölfar sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra. Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

**Fundargerð 731. fundar** frá 12. desember s.l. Fundargerð í 7 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 5. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að boða Sigríði Hjaltadóttur, fulltrúa Húnaþings vestra í stjórn Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna, til fundar með byggðarráði.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 732. fundar** frá 2. janúar s.l. Fundargerð í 10 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 8. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að tilnefna Ólaf H. Stefánsson, forstöðumann tæknideildar í vatnasvæðanefnd á vegum Umhverfisstofnunar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 3. liður, samþykktur með 6 atkvæðum. Elín Jóna Rósinberg vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar. Lögð fram eftirfarandi bókun við 10. lið Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir tilnefningar fulltrúa Bæjarhrepps um áheyrnarfulltrúa í nefndir og ráð sameinaðs sveitarfélags Húnaþings vestra og býður fulltrúana velkomna til starfa. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 733. fundar** frá 9. janúar s.l. fundargerð í 7 liðum.. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. lið“ Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Húnaþingi vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 6. lið. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela félagsmálaráði auglýsingu, meðferð umsókna og úthlutun leiguíbúða í Nestúni og leiguíbúða að Gilsbakka.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### Fundargerðir nefnda.

### 2. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

**Fundargerð 126. fundar** frá 4. janúar s.l. Fundargerð í 3 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við lið 1a „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að almenna reglan um lokun leikskóla verði í samræmi við skóladagatal leikskólans Ásgarðs hins vegar skuli leikskólastjóri óska

heimildar fræðslu- og félagsmálastjóra og samþykkis fræðsluráðs sé talin brýn ástæða til að loka leikskólanum vegna sérstakra/óvæntra ástæðna. Beri slíkar sérstakar/óvæntar ástæður að með skömmum fyrirvara skal leikskólastjóri leita heimildar um lokun til fræðslu- og félagsmálastjóra og sveitarstjóra. “ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við lið 1b „Vegna óskar leikskólastjóra um heimild til að loka Leikskólanum Ásgarði á aðfangadag og gamlársgang þá samþykkir sveitarstjórn að leikskólastjóra sé heimilt að loka leikskólanum fyrir hádegi þessa daga hafi foreldrar ekki skráð börn til vistunar. Samþykkt þessi er grundvölluð á því að umræddir dagar eru hefðbundnir vinnudagar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 2 lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela fræðslu- og félagsmálastjóra og skólastjóra grunnskóla greiningu á forföllum meðal starfsmanna grunnskólans og leggja fyrir fræðsluráð tillögur um hvernig unnt sé að draga úr forföllum“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **3. Fundargerð landbúnaðarráðs, formaður kynnti**

**Fundargerð 107. fundar** frá 11. janúar s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **4. Fundargerðir Skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.**

**Fundargerð 204. fundar** frá 15. desember s.l. Fundargerð í 1 lið. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir tillögu að deiliskipulagi austan Norðurbrautar og breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra á Hvammstanga. samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 205. fundar** frá 5. janúar s.l. Fundargerð í 2 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. lið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að á árinu 2012 verði unnið að deiliskipulagi á Laugarbakka þ.e. á því svæði sem sveitarfélagið hefur deiliskipulagsvald yfir.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **5. Fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags Húnaþings vestra og Bæjarhrepps fyrir árið 2012.**

Lögð fram til fyrri umræðu tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og undirfyrirtækja sameinaðs sveitarfélags Húnaþings vestra og Bæjarhrepps fyrir árið 2012. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri kynntu. Lögð fram svohljóðandi tillaga: „sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2012 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 26. janúar 2012“. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **6. Skipan starfshóps í kjölfar sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra.**

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Í kjölfar sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að skipa starfshóp til að endurskoða allar samþykktir hins sameinaða sveitarfélags, svo og skipan og mögulegar breytingar á stjórnkerfi þess. Starfshópurinn leggi tillögur sínar fyrir sveitarstjórn til fullnaðarafgreiðslu. Starfshópurinn verði skipaður 2 kjörnum fulltrúum D-lista, 1 kjörnum fulltrúa B-lista, 1 kjörnum fulltrúa S-lista og sveitarstjóra. Áheyrnarfulltrúi Bæjarhrepps í byggðarráði verði jafnframt áheyrnarfulltrúi í

umræddum starfshópi. Oddvitar framboða tilkynni sveitarstjóra um skipan fulltrúa í starfshópinn fyrir 1. febrúar nk. Starfshópurinn hefur heimild til að ráða sérhæfða úttektaraðila til starfa vegna verkefna sinna.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 17:02

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Elín R. Líndal

---

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari.